

6. fundur fræðslunefndar ársins 2012 vegna Undralands, haldinn 24. október 2012 í leikskólanum, kl. 16:00. 16. fundur á kjörtímabilinu 2010-2014.

Mætt: Helgi Jóhannesson formaður, Unnsteinn Eggertsson sem ritaði fundargerð, Gunnar Þór Jóhannesson, Halldóra Halldórsdóttir leikskólastjóri, Arnheiður S. Þorvaldsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Katrín Emilsdóttir, fulltrúi foreldra.

Dagskrá:

- 1. Fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir árið 2013.**
- 2. Breyting á dvalarreglum.**
- 3. Umsóknir um undanþágur vegna yngri barna.**
- 4. Starfsáætlun og ársskýrsla leikskólans.**
- 5. Skólastefna, næstu skref.**
- 6. Önnur mál.**

Formaður setti fund og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir árið 2013.

Farið var yfir fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir árið 2013 og stöðuna á yfirstandandi fjárhagsári. Gert er ráð fyrir hækkun á vistunargjöldum um 5% og hækkunum á seldum mat. Hækkun á launalið er skv. kjarasamningum. Fræðslunefnd samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir Undraland árið 2013.

2. Breyting á dvalarreglum.

Rætt um 6 gr. í reglum leikskólans um úthlutun leikskólaplássna. Um er að ræða breytingu á lágmarksaldri barna við inngöngu í leikskólann úr 16 mánuðum í 12. Samþykkt að greinin hljóði svo:

„Þrátt fyrir að lágmarksaldur barna sé miðaður við 18 mánuði er foreldrum heimilt að sækja skriflega um undanþágu frá þeirri reglu þegar barnið nær 12 mánaða aldri. Fræðslunefnd skal meta hvert tilvik fyrir sig, m.a. með hliðsjón af aðstæðum í leikskólanum. Foreldrar skulu greiða 10% álag á leikskólagjöld á meðan barnið er á undanþágu.“

3. Umsóknir um undanþágur vegna yngri barna.

Leikskólastjóri lagði fram umsóknir um undanþágu, skv. 6 gr. í reglum leikskólans um úthlutun leikskólaplássna. Um er að ræða 6 umsóknir. Fræðslunefnd samþykkir umsóknirnar.

4. Starfsáætlun og ársskýrsla leikskólans.

Leikskólastjóri lagði fram til kynningar starfsáætlun leikskólans 2012-2013 og ársskýrslu 2011-2012.

5. Skólastefna, næstu skref.

Formaður fór yfir næstu skref í vinnu við gerð skólastefnunnar. Rætt var um að skipta vinnunni í þrjá hluta eftir stofnunum, en þó þannig að hóparnir hittist til að samræma vinnulag. Samþykkt að halda sameiginlegan fund með fulltrúum allra hagsmunaaðila og ráðgjafa um framhald vinnunnar.

6. Önnur mál.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira var ekki gert.
Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17.00.